



Starfsreglur fyrir atvinnutengt nám

Atvinnutengt nám er ætlað nemendum í 9. og 10. bekk sem styðja þarf til aukinna framfara og þátttöku með breytingum á námsaðstæðum.

Markmið með atvinnutengdu námi er að styðja við einstaklingsmiðað nám, bæta líðan nemenda, styrkja sjálfsmynd þeirra og gefa þeim kost á að kynnast ýmsum hliðum atvinnulífs.

Verkefnið er samstarfsverkefni Vinnuskóla Kópavogs, grunnskóladeildar Kópavogs og grunnskóla Kópavogs.

Aðkoma og ábyrgð aðila að atvinnutengdu námi

Hlutverk grunnskóladeildar er að hafa yfirumsjón með verkefninu gagnvart grunnskólum, stýra inntöku nemenda í úrræði og skila upplýsingum um vinnustundir nemenda til launadeildar.

Hlutverk grunnskólanna (skólastjórnenda, náms- og starfsráðgjafa eða annarra sérfræðinga skólans) er að:

- Finna hæfa samstarfsaðila í atvinnulífinu með hliðsjón af áhugasviði nemandans.
- Sækja um atvinnutengt nám fyrir nemendur til grunnskóladeildar með rafrænni beiðni og starfssamningi.
- Leita reglubundið eftir upplýsingum frá tengilið á vinnustað um frammistöðu nemandans og mætingar.
- Skila upplýsingum um vinnustundafjölda fyrir 15. hvers mánaðar til grunnskóladeildar.
- Fá umsögn frá vinnuveitanda þegar nemandi lýkur atvinnutengdu námi og afhenda nemanda viðurkenningarskjal og umsögn um frammistöðu á vinnustað.

Þátttaka nemenda í atvinnutengdu námi er á ábyrgð foreldra og skóla.

Launakjör

Nemendur í atvinnutengdu námi eru launþegar hjá Kópavogsbæ (Vinnuskóla Kópavogs) og njóta því atvinnu- og ábyrgðartryggingar, en ekki veikindaréttar. Miða skal við að vinnustundafjöldi fari ekki yfir 8 klukkustundir á viku. Ein klukkustund í atvinnutengdu námi jafnast á við 1,5 kennslustund.

Nemendur í 9. og 10. bekk, í atvinnutengdu námi, fá greitt tímakaup samkvæmt launaflokki út frá fæðingarári þeirra. Að auki er greitt orlof sem er 10,17% á laun.

Nemandi í atvinnutengdu námi sem veikist eða forfallast á annan hátt ber að tilkynna sínum vinnustað um forföll rétt eins og skólanum. Nemandinn fær þá daga sem hann forfallast ekki greidda.

Umsóknir

Tengiliðir skóla sækja um atvinnutengt nám með rafrænni beiðni sem foreldrar samþykkja með rafænum skilríkjum. Starfssamningur undirritaður af nemanda, foreldri, tengilið vinnustaðar og tengilið skóla skal fylgja með beiðni.

Uppfært 1. febrúar 2022